

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982 sbr. auglýsingu nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Seyðisfjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,36 fyrir hverja kíló-wattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 3,17 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 21,13.

Þessi gjöld eru miðuð við gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. maí 1982.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reikninga eða tilkynningar um reiknings-upphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimðagjöld fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar skulu vera sem hér segir:

a) Af öllu húsnæði sem tengist hitaveitu fyrir árslok 1981 og tilheyrir I. áfanga verksins og það húsnæði fyrirhugaðs II. áfanga sem tengist eigi síðar en 6 mán. frá verklokum hans, greiðist heimðagjöld, sem hér segir:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis kr. 13 203,00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 kr. 16,80

b) Af öllu húsnæði sem síðar tengist viðkomandi áföngum sbr. a) lið greiðist heimæðagjöld, sem hér segir:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis	kr. 18 243,00
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300	kr. 24,88

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemnum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 300 m³.

6. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á hluta heimæðargjalds ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

7. gr.

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 286,59.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. og 7. gr. í gjaldskránni eru miðuð vð vísitölu byggingarkostnaðar 1. apríl 1982 (1015 stig). Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að hækka orkutaxta í 3. gr. skv. hækkun á rafhitunartaxta c. 1 í gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. maí 1982. Allar taxa- og gjaldskrárbreytingar skulu hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seyðisfjarðar skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Hitaveitu Seyðisfjarðar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Hitaveitu Seyðisfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. maí 1982 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eita að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 108 24. febrúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.